

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B7-12

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 2951-2952 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 7-12

Nr. 40-85

2004

Efnisyfirlit B 7–12 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
40	15. jan.	Reglugerð um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa	65
41	13. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	66
42	6. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001	67
43	20. jan.	Reglugerð um afnám reglugerðar nr. 10, 14. janúar 2004, um tímabundið bann við loðnuveiðum	67-68
44	20. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar	69
45	22. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	70
46	22. jan.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 541/2002 um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar	71
47	22. jan.	Reglur um (3.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar	71
48	22. jan.	Reglur um (4.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands	72
49	26. jan.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	73
50	15. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995	74
51	20. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Stykkishólmi	74
52	19. jan.	Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Múla-kots I, Fljótshlíð, Rangárþingi eystra	74-75
53	12. jan.	Lögreglusamþykkt fyrir Sveitarfélagið Árborg	75-84
54	19. jan.	Samþykkt um hundahald í Höfðahreppi	84-87
55	14. jan.	Reglur um diplómatiske vegabréf og þjónustuvegabréf	87-89
56	12. jan.	Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd	90-99
57	19. jan.	Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa á Akranesi	99-100
58	15. jan.	Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar	101-103
59	16. jan.	Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss	103-104
60	19. jan.	Samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi	104-108
61	23. jan.	Auglýsing um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð	108
62	12. jan.	Auglýsing um skrá Hrafnistu D.A.S. Hafnarfirði skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	109-110
63	12. jan.	Auglýsing fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2004	110
64	8. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 2/2004 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt	111

Framhald á 3. kápusíðu.

- g) Líffræði, LÍF 103, 203
- h) Saga, SAG 103, 203
- i) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
- j) Tölfræði, STÆ 313
- k) Sálfræði, SÁL 103

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir próf-úrlausnir. Háskólaeignar skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og próf-dómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Á heimasíðu læknadeildar skal birta sýnishorn af prófspurningum úr hverjum prófhluta fyrir sig til glöggvunar fyrir þá sem hyggjast þreyta prófið.

6. gr.

Skorir læknadeildar.

Inntökupróf er sameiginlegt fyrir báðar skorir læknadeildar, læknisfræði og sjúkra-þjálfun, en heimilt er að hafa mismunandi vægi, í einstökum prófgreinum, fyrir hvora skor enda verði það auglýst sérstaklega. Við innritun í prófið ákveða nemendur fyrir hvora skorina (læknisfræði eða sjúkraþjálfun), prófúrlausn þeirra skuli metin, með því að merkja við þá skor sem við á.

Aðrar deildir geta gerst aðilar að prófinu samkvæmt sérstökum samningi milli deildanna.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um inntöku nýnema í læknadeild, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum nr. 134/2002 og nr. 503/2002.

Ákvæði til skýringar.

Um er að ræða próf til inntöku nýnema í nám í læknadeild. Hugtakið „almenn þekking“, í skilningi reglna þessara, miðast því við það markmið, og er í sjálfu sér ekki takmarkað. Þannig verður t.d. leitað eftir þekkingu á málefnum líðandi stundar, s.s. á sviði mannlegra þátta, sögu og menningar hvers konar, félagsfræði og heilbrigðisumræðu. Nálgun og úrlausn vandamála, svo og siðfræðileg afstaða, verða metin eftir lausnum sérstakra vandamála sem verða sett fram sem sjúkratilfelli eða annars konar vandamál til úrlausnar. Höfundar prófsins munu, við gerð þess, ákveða fyrirfram hvaða áherslum er verið að sækjast eftir til að byggja ramma utan um einkunnagjöf.

Háskóla Íslands, 19. desember 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

Endurprentað blað.

sem bestum árangri ná í prófinu, fær rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands – læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild, að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann fyrirgert rétti sínum til náms í læknadeild á grundvelli þessa inntökuprófs, en þann rétt öðlast þá sá nemandi sem næstur var því að öðlast rétt til náms á grundvelli sama inntökuprófs. Séu tveir eða fleiri nemendur jafnir, öðlast báðir eða allir rétt til náms á næsta haustmisseri.

3. gr.

Skráning til inntökuprófs.

Skráningu til inntökuprófsins skal lokið fyrir 5. júní. Skráning getur farið fram, enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.

Heimilt er, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef próftökugjald er innheimt, fer um fjárhæð þess og innheimtu eftir sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

4. gr.

Skrásetning til náms í Háskóla Íslands.

Skrásetningu þeirra, sem þreyta inntökupróf skv. þessum reglum og öðlast rétt til náms í læknadeild, skal lokið fyrir 20. ágúst. Þeir, sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

5. gr.

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álítaefni. Allt að tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með um tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í „Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennum hluta, 1999“.

Í fyrsta sinn (árið 2003) verður einkum miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

- a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
- b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313
- c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
- d) Félagsfræði, FÉL 103
- e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
- f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 2004

15. janúar 2004

65

Nr. 40

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu 17. janúar til 15. mars 2004 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði sem afmarkast af landi og línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 44'50 N - 23° 39'00 V
2. 64° 41'30 N - 23° 39'00 V
3. 64° 39'00 N - 22° 57'00 V
4. 64° 31'00 N - 23° 04'00 V
5. 64° 30'00 N - 22° 57'00 V
6. 64° 35'00 N - 22° 52'00 V
7. 64° 37'00 N - 22° 44'00 V
8. Þormóðssker
9. 64° 27'60 N - 22° 11'32 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. janúar 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vesturvör 32, 34 og 36. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. nóvember 2003 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vesturvör 32, 34 og 36. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir þremur nýjum lóðum fyrir 1-2 hæða atvinnuhúsnæði á landfyllingu við Vesturvör, yst á Kársnesi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 18. ágúst 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 3. október til 31. október 2003 með athugasemdafresti til 17. nóvember 2003. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 13. janúar 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 2004

6. janúar 2004

67

Nr. 42

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við viðauka I bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

108 Skráning lyftna í flokkum NF og NG 4

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. janúar 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

20. janúar 2004

Nr. 43

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 10, 14. janúar 2004,
um tímabundið bann við loðnuveiðum.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 10, 14. janúar 2004, um tímabundið bann við loðnuveiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stöð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

- A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 1. apríl - 29. júní.
- B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 1. apríl - 29. júní.
Þó er veiðitímabilið 10. maí - 7. ágúst innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar.
Séu grásleppuveiðar hafnar fyrir 10. maí samkvæmt þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 29. júní.
- C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 5. apríl - 3. júlí eða veiðitímabilsins 10. maí - 7. ágúst.
- D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 15. mars - 12. júní.
- E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 17. júní.
- F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítingum, er veiðitímabilið 20. mars - 17. júní.
- G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 5. mars - 2. júní eða veiðitímabilsins 5. apríl - 3. júlí.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08:00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr., úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum, sbr. 8. gr., frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2004.

F. h. r.
Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 2004

Nr. 45

70

22. janúar 2004

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Við 1. málsl. 5. mgr. 13. gr. bætast orðin „eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali II með þessari reglugerð“.

2. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Greiðsla sjúkratryggðs einstaklings sem greitt hefur fyrir sérfræðilæknishjálpi utan sjúkrahúsa á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum, veitir rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt fylgiskjal, sem verður fylgiskjal II, er orðast svo:

Á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum, skal ákveðið heildarverð til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir sérfræðilæknishjálpi á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. 1. og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar, vera samkvæmt samningi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræðilækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar sem var í gildi í desember 2003.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 20. gr. og 35. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 541/2002 um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Slysatryggingar skulu greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálp hins slasaða vegna slyssins hjá sérfræðilæknum sem fellur til á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum, samkvæmt samningi um sjúkratryggingar sem var í gildi í desember 2003.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUR

um (3.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við sérfræðilæknishjálp utan sjúkrahúsa á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUR

um (4.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Við reglurnar bætist ný grein sem verður 8. gr. er orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. um að sjúkdómsmeðferð fari fram hjá aðilum heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar hafa samning við, er heimilt að taka þátt í ferðakostnaði vegna sjúkdómsmeðferðar hjá sérfræðilæknum sem voru án samnings á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs í í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 36. gr. sömu laga, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2004

26. janúar 2004

73

Nr. 49

AUGLÝSING um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag fyrir Þjóðveg 17, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. október 2003, var samþykkt deiliskipulag fyrir Þjóðveg 17, Akranesi.

Deiliskipulagið nær yfir um 8.580 m² lands. Þar er gert ráð fyrir lóð undir hitaveitutank OR, lóð fyrir íbúðarhús, auk lóðar fyrir íbúðarhús, bílgeymslu og hesthús. Aðkoma er frá núverandi þjóðvegi.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 26. janúar 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veiðikort og
hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995.

1. gr.
3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.
Reglugerðin tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 2004.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

Nr. 51

20. janúar 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð við Stykkishólm.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 20. janúar 2004.

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi.

Nr. 52

19. janúar 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Múlakots I,
Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 14. ágúst 2003, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Múlakots I, Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagsgögn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 19. janúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárpings eystra,
Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Sveitarfélagið Árborg.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

1. gr.

Með almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, gangstéttir, gangstíga og svæði sem almenningi eru til afnota svo sem leikvelli, torg, bryggjur, íþróttavelli, útivistarsvæði, markaði o.fl.

Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjasali, bifreiðastöðvar, kvöldsölur o.fl.

2. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, mega ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, að óþörfu, enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að sem veldur ónæði.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal mynda röð, þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi sem misbýður almenningi eða getur raskað allsherjarreglu.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri, ef það veldur rennsli á gagnstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum. Gluggaþvottur utandyra er óheimill ef hætta er á því að vatn skvettist á vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum og þess háttar efnum.

Eiganda eða umsjónarmanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem staðsett eru á almannafæri.

Á slík mannvirki má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum og hreinsa vel, þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, ata út eða gera ólæsilegar á annan hátt.

9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opin svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm eða annan gróður.

10. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi, tónleika og aðrar úti-samkomur í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Lögreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

11. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð.

Óheimilt er á almannafæri að ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verktaki og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Þegar ætla má að sprengingavinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal gera þeim viðvart. Þeir sem annast um meðferð sprengiefnis skulu gæta ákvæða reglugerðar um sprengiefni nr. 684/1999.

12. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Után sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklingar, aðgöngumiðar, happdrættismiðar, merki og annað þessu skylt.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli

laga um verslunarleyfi nr. 28/1998 og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

Áður en leyfi er veitt til staðsetningar verslunar eða umboðssölu með notuð ökutæki skal leita umsagnar bæjarstjórnar hvað varðar staðsetningu.

13. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára og er bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn afturkallað leyfið með þriggja mánaða fyrirvara.

Atvinnurekstri í húsnæði, sem liggur að íbúðarbyggð, skal jafnan haga þannig, að ekki hljótist ónæði eða truflun fyrir þá sem næstir búa. Gildir þetta jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst.

Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum.

14. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg sveitarfélagsins, nema með leyfi bæjarstjórnar. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, svo sem með ljósum, glitmerkjum o.þ.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði.

Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götu að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna. Lögreglustjóri skal með hæfilegum fyrirvara skora á þann, sem verkið átti að vinna, að bæta úr því sem raskað hefur verið, áður en úrbætur verða framkvæmdar á kostnað viðkomandi.

15. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig er húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, svo sem tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er að minnsta kosti 2,8 metrar yfir gangstétt eða gangstíg og 4,0 metrar yfir götu. Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara. Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er flutt brott, án þess að annað sé byggt

í staðinn, er eiganda þess skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hættu, óþrifnaður eða óprýði.

16. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við smíðar eða viðgerðir á húsum eða öðrum mannvirkjum skal gera nægilega traustan og öruggan.

Enda á steypustyrktarjárnri má ekki láta standa bera upp í loftið á húsagrunnum eða byggingum þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Beygja skal endana niður.

Heimilt er lögreglustjóra eða byggingaryfirvöldum að gera viðeigandi öryggisráðstafanir hér að lútandi samkvæmt lögum og reglugerð um öryggisbúnað á vinnustöðum.

Vinnupallar, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögregla krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott, eða þess háttar skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Áhöld sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljótist af slys eða hættu fyrir vegfarendur.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það valdi óþægindum eða hættu.

Óheimilt er að fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

18. gr.

Óheimilt er að fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri, nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust á brott á sinn kostnað.

II. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Afgreiðslu leigubifreiða og almenningsvagna má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra.

20. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar almenna umferð eða veldur hættu. Á götum sveitarfélagsins má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

Eigendur og/eða umráðamenn stórra vinnuvéla eða bifreiða, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflytinga sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri og fólksflytingabifreiða sem flytja 10 farþega eða fleiri, skulu tryggja að slíkum tækjum sé ekki lagt á götum, einkalóðum í íbúðarhverfum eða almenningsbifreiðastæðum bæjarins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra.

Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar náð til ákveðinna tímabila.

21. gr.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu hjólhýsa, fellihýsa, báta, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúum ónæði.

Heimilt er að flytja í burtu og taka í vörslu lögreglu skráningarskyld vélknúin ökutæki, sem standa án skrásetningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum.

Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn með sannanlegum hætti og ber hann kostnað vegna flutningsins og vörslu ökutækisins.

22. gr.

Óheimilt er að láta aflvél kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun og hávaða á almannafæri, eða þar sem ætla má að slíkt geti valdið óþægindum.

23. gr.

Bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

24. gr.

Á og við götur eða vegi þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á alfararvegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

25. gr.

Allur akstur vélknúinna torfærutækja, svo sem fjórhjóra og vélsleða og sambærilegra tækja, er bannaður í þéttbýli í sveitarfélaginu og á öðrum þeim svæðum þar sem slíkt kann að vera auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilvikum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka út úr þéttbýlinu stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á einnig við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ítrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarkshraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

Undanþágu frá þessari grein hafa hjálpar- og björgunarsveitir í neyðartilvikum svo og þeir einstaklingar, sem vegna fötlunar sinnar komast ekki ferða sinna nema á slíkum farartækjum.

26. gr.

Þeir sem flytja farm um götur sveitarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifum. Valdi flutningur, ferming eða afferming óþrifum á almannafæri er stjórnanda flutingatækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

III. KAFLI

Umferð um Ölfusá og önnur vatnasvæði í sveitarfélaginu.

27. gr.

Umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja er bönnuð á Ölfusá frá landamörkum Hraungerðishrepps og Árborgar í austri að Kaldaðarneslandi í vestri nema með leyfi lögreglustjóra.

28. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

IV. KAFLI

Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

29. gr.

Bæjarstjórn setur reglur um opnunartíma veitingastaða og getur takmarkað opnunartíma. Við ákvörðun um opnunartíma getur bæjarstjórn litið til flokkunar veitingastaða samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði svo og staðsetningar viðkomandi veitingastaðar.

Heimilt er bæjarstjórn að banna starfsemi tiltekinna flokka veitingastaða á afmörkuðum svæðum samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Um opnunartíma verslana og annarra þjónustufyrirtækja fer samkvæmt lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

30. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til kl. 03.00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sem er, ef þeir hafa náttstað í veitingahúsinu eftir lokunartíma.

Heimill er rekstur heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

31. gr.

Óheimilt er að selja börnum og unglingum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjastofum. Miða skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri. Bæjarstjórn ákveður heimilaðan opnunartíma slíkra staða.

32. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá og skal skráin varðveitt í a.m.k. 12 mánuði, sbr. nánari reglur um veitinga- og gististaði skv. lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði og reglugerð nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði.

Þar sem heimilt er að sýna nektardans á skemmtistað (nektardansstað), skal tryggt að sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar eru óheimilar.

33. gr.

Enginn má reka spilakassa, leiktæki eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum sem starfsemiinni eru sett, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Starfsemi samkvæmt 1. mgr. má reka frá kl. 09.00 til 23.30.

34. gr.

Skemmtun sem aðgangur er seldur að, svo sem tónleikar, útihátíðir o.þ.h. má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra hvar og hvenær skemmtun skal halda að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

Í leyfi lögreglustjóra skal kveðið á um aldurstakmark ungmenna að skemmtun. Miða skal við fæðingarár en ekki fæðingardag.

35. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera að sá sem fyrir skemmtun stendur ábyrgist að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að eigi annast aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir. Ennfremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að sá sem fyrir skemmtun stendur geri þær ráðstafanir aðrar til að halda þar uppi reglu, öryggi og velsæmi sem lögreglustjóri telur fullnægjandi.

36. gr.

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með reglum um lokunartíma og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn að öðru leyti halda uppi lögum og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa af skemmtun þeim sem brjóta gegn settum reglum eða óspektum valda og kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska.

Dyraverðir og aðrir eftirlitsmenn á skemmtun skulu að jafnaði bera einkennisklæði eða annað auðkenni sem sá er fyrir skemmtun stendur eða forstöðumaður samkomustaðar leggur til.

37. gr.

Lögreglustjóri getur enn fremur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað. Skulu þeir einkum halda uppi lögum og reglu við skemmtistað og í næsta nágrenni hans, þ.á m. hafa eftirlit með og greiða fyrir umferð að og frá staðnum. Lögreglumenn skulu að jafnaði því aðeins fara inn á skemmtistað að þeir séu kvaddir þangað af forstöðumanni skemmtunar eða dyravörðum eða þeim þyki að öðru leyti ástæða til þess vegna eftirlits.

Pegar um er að ræða útisamkomur skulu lögreglumenn þó annast löggæslu á samkomu-svæðinu.

Lögreglustjóri ákveður hverju sinni hve margir lögreglumenn skulu vera á skemmtistað

og kveður nánar á um framkvæmd löggæslunnar. Hann ákveður m.a. hvenær lögreglumenn skulu mæta á skemmtistað og skulu þeir dvelja þar uns skemmtun er lokið. Lögreglumenn skulu að jafnaði eigi yfirgefa skemmtistað fyrir en gestir eru farnir af staðnum.

38. gr.

Nú telur lögreglumaður sem annast löggæslu á skemmtistað reglu á skemmtun þannig að eigi sé fært að halda henni áfram og er honum þá heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið. Er gestum þá skylt að yfirgefa skemmtistaðinn.

39. gr.

Lögreglustjóri skal, ef hann sér ástæðu til, boða til fundar með forstöðumönnum samkomustaða í umdæminu. Á þeim fundi skal rætt um það á hvern hátt þess verði best gætt að skemmtanir þær sem haldnar verði í umdæminu fari sómasamlega fram.

40. gr.

Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að skemmtunum í umdæmi sínu sem ítrekað hafa hagað sér ósæmilega á skemmtunum.

Lögreglustjóri skal tilkynna forstöðumönnum samkomustaða um slíkt bann og er þá óheimilt að veita hlutaðeigandi mönnum aðgang að skemmtunum.

41. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að gefa út almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað þar sem skemmtanir fara reglubundið fram, enda skuldbindi forstöðumaður veitingastaðarins sig til að hlíta að öðru leyti reglum undanfarandi greina. Jafnframt skuldbindi forstöðumaður veitingastaðarins sig til að hlíta reglum um greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana sem lögreglustjóri gerir, sbr. 44. gr.

42. gr.

Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað má gefa út fyrir allt að einu ári í senn. Fyrir veitingastað sem starfað hefur í tvö ár samfleytt er heimilt að gefa út leyfi fyrir allt að fjórum árum í senn.

Lögreglustjóri getur afturkallað almennt skemmtanaleyfi um lengri eða skemmri tíma, svo sem

- a) ef regla er eigi nægilega góð
- b) ef brotnar eru reglur sem um reksturinn gilda, og
- c) ef sérstakar ástæður mæla gegn því að skemmtun fari fram.

43. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvenær skemmtun skal slitið. Um slit á skemmtun sem fram fer á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, fer þó eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

44. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu.

Sá sem fyrir skemmtun stendur skal greiða kostnað vegna ráðstafana sem lögreglustjóri ákveður samkvæmt 35. og 37. gr. og kostnað vegna greinar þessarar. Getur lögreglustjóri krafist þess að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði þann kostnað fyrirfram eða setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar sem hann metur gilda.

Laun og ferðakostnaður dyravarða og annarra eftirlitsmanna sem lögreglustjóri áskilur samkvæmt 35. gr. greiðir sá sem fyrir skemmtun stendur, eftir atvikum samkvæmt reikningi lögreglustjóra. Annan kostnað vegna ráðstafana samkvæmt þeirri grein greiðir sá sem fyrir skemmtun stendur.

Kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt 1. mgr. 37. gr. greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra.

Sá sem fyrir skemmtun stendur skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja. Skal við það miða að í nágenni skemmtistaðar séu að jafnaði tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf sem ríkissjóður ber allan kostnað af.

Þegar gestum er heimill aðgangur að skemmtun eftir kl. 23.30 skal sá sem fyrir skemmtun stendur endurgreiða allan löggæslukostnað. Ríkissjóður skal þó bera ferðakostnað lögreglumanna. Að jafnaði skal eigi endurkrefja kostnað vegna löggæslu lengur en sem nemur einni klukkustund eftir að skemmtun lýkur.

V. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

45. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götu-hlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

VI. KAFLI

Um útivistartíma barna og ungmenna.

46. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

VII. KAFLI

Um dýrahald og lausagöngu búfjár.

47. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli. Undanþágur skulu aðeins veittar samkvæmt staðfestri samþykkt um hundahald í þéttbýli, nr. 772, frá 10. nóvember 1999.

48. gr.

Kattahald í sveitarfélaginu sætir takmörkunum samkvæmt staðfestri samþykkt um kattahald, nr. 726, frá 22. september 2003.

49. gr.

Hænsni og aðra alifugla má ekki hafa í þéttbýli.

50. gr.

Lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlismarka á Eyrarbakka, Selfossi og Stokks-eyri í Sveitarfélaginu Árborg, sbr. 8. gr. samþykktar um búfjárhald frá 19. desember 2001. Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl.

VIII. KAFLI
Um refsingar, kostnað o.fl.

51. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Sveitarfélagið Árborg. Ber að túlka hana með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit o.fl.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varðar sektum, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, ef ekki liggur fyrir þyngri refsing samkvæmt lögum. Um mál sem varða brot gegn lögreglusamþykktinni skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

52. gr.

Láti einhver það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við slíkar aðgerðir greiðist af þeim sem ábyrgðina ber. Hið sama gildir um kostnað af ráðstöfunum til að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er í samþykktinni eða samkvæmt henni. Sé sá sem slíka ábyrgð ber ófær um að greiða kostnaðinn þá greiðist hann úr ríkissjóði.

53. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur samið og samþykkt með heimild í lögum nr. 36/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla niður lögreglusamþykkt fyrir Selfoskaupstað, nr. 195, 13. mars 1981, sbr. samþykkt nr. 192, 11. apríl 1984, lögreglusamþykkt fyrir Eyrarbakkahepp, nr. 201, 30. apríl 1990 og lögreglusamþykkt fyrir Stokkseyrarhepp, nr. 200, 26. apríl 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

SAMÞYKKT
um hundahald í Höfðahreppi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Hundahald í Höfðahreppi sætir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Skráningarskylda.

Skylt er að skrá hund á skrifstofu Höfðahrepps á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða sex mánaða

gamlir. Mynd af hundinum og vottorð um að hundur hafi verið ormhreinsaður skulu fylgja umsókn um skráningu. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að hundar skuli örmerktir.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

1. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að fram-selja það.
2. Hundurinn skal skráður á nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og fær eigandi hundsins afhenta merкта plötu með númeri hundsins, sem jafnan skal vera í ól um háls hans. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þeir verða sex mánaða gamlir.
3. Dveljist hundur tímabundið í Höfðahreppi skal skrá hann til bráðabirgða, en slík skráning skal ekki gilda lengur en í 6 mánuði.
4. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund/hunda sína á tryggilegan hátt.
5. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd eða staði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2003 um hollustuhætti.
6. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
7. Hundaeiganda ber að tilkynna skrifstofu Höfðahrepps um aðsetursskipti og ef hundurinn drepst.

3. gr.

Gjald fyrir hundahald.

Hundaeigendur skulu árlega greiða sveitarsjóði gjald til að standa straum af skráningu og eftirliti með hundahaldi. Sá sem á fleiri en einn hund skal greiða gjald af hverjum hundi fyrir sig. Hreppsnefnd ákveður að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, upphæð gjaldsins, og nánara fyrirkomulag gjaldtöku, í sérstakri gjaldskrá sem sett er og birt í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðartrygging skal vera innifalin í árlegu gjaldi. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Skráðum bændum, sem búa á lögbýlum í sveitarfélaginu, er heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktarinnar um þá.

4. gr.

Almennt um skyldur hundaeigenda.

Hundaeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri meðferð.

Hundur skal að jafnaði hýstur á þeim stað þar sem hann er skráður. Óheimilt er að halda hund þar sem enginn býr.

Hundar skulu færðir til hreinsunar ár hvert.

Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunarovottorði leiðir til þess að leyfi til að halda téðan hund fellur úr gildi.

5. gr.

Hundahald í fjöleignarhúsum.

Um hundahald í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Takmörkun á hundahaldi.

Sveitarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, ákveðið að veita ekki heimild til hundahalds fyrir ákveðnum hundategundum sem taldar eru hættulegar.

Sveitarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda.

Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem má sleppa hundum lausum.

Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði reglugerðar nr. 941/2003 um hollustuhætti, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

7. gr.

Eftirlit með hundahaldi.

Starfsmenn áhaldahúss Höfðahrepps og aðilar á þeirra vegum annast eftirlit með hundahaldi, undir stjórn heilbrigðisnefndar. Skulu starfsmenn skrá í dagbók afskipti sín af hundahaldi og veita sveitarstjórn upplýsingar eftir því sem þurfa þykir. Starfsmenn geta leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur.

8. gr.

Heimild til að handsama og aflífa hund.

Hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa til geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum samkvæmt gildandi gjaldskrá. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað. Sama gildir um aðra hunda sem handsamaðir eru innan hreppsmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður þegar í stað. Óski hundaeigandi þess er heimilt að leita álits hér- aðsdýralæknis, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

9. gr.

Viðurlög.

Sé um alvarleg eða ítrekuð brot á samþykkt þessari að ræða er heimilt að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum og banna viðkomandi eiganda að vera með hund í Höfðahreppi um lengri eða skemmri tíma.

Einnig geta brot gegn samþykkt þessari varðað sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem opinbert mál.

10. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi, samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 308/1974 um hundahald í Höfðahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. janúar 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um diplómátísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Útlendingastofnun annast útgáfu diplómátískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómátísk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrirverandi forsetar Íslands.
3. Forseti Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Aðstoðarmenn forsætis- og utanríkisráðherra.
10. Umboðsmaður Alþingis.
11. Ríkisendurskoðandi.
12. Ríkissaksóknari.
13. Ríkissáttasemjari.
14. Ríkislögreglustjóri.
15. Ríkislögmaður.
16. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
17. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
18. Þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Þeir listamenn sem um langt skeið hafa skarað fram úr á alþjóðavettvangi og öðlast hafa heimsfrægð. Ákvörðun er háð samþykki utanríkisráðherra.

20. Fyrirverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
21. Fyrirverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
22. Makar þeirra sem taldir eru í 1.- 21. tölul. og börn þeirra sem taldir eru upp í 7. tölul. en þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 20 ára aldri.

3. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið þjónustuvegabréf:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjóri Alþingis.
3. Hæstaréttaritari.
4. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
5. Aðstoðarmenn ráðherra aðrir en þeir sem falla undir 9. tölul. 2. gr.
6. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem ekki eru taldir upp í 7. tölul. 2. gr.
7. Kjöræðismenn Íslands erlendis, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar.
8. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
9. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
10. Borgarstjórinn í Reykjavík.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfslíði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiri háttar viðskiptasamtaka, þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrirverandi hæstaréttardómarar sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
15. Fyrirverandi ráðherrar.
16. Fyrirverandi ráðuneytisstjórar sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
17. Fyrirverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
18. Þeir sem gegnt hafa meiri háttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum og látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
19. Makar þeirra sem taldir eru upp í 1.-18. tölul. og börn flutningsskyldra starfsmanna sem taldir eru upp í 6. tölul. en þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 20 ára aldri.

Enn fremur er heimilt að gefa út þjónustuvegabréf til handa fyrirverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar sem ekki falla undir 21. tölul. 2. gr. þegar þessir starfsmenn hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir.

II. KAFLI

Umsókn um vegabréf.

4. gr.

Umsókn um diplómátísk vegabréf og þjónustuvegabréf skal afhenda utanríkisráðuneytinu. Þar skal koma fram fullt nafn, staða, heimilisfang, kennitala, fæðingarstaður, þjóðerni, hæð og kyn umsækjanda. Að öðru leyti skal beita reglugerð um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

III. KAFLI

Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

5. gr.

Þegar diplómátísk vegabréf eða þjónustuvegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma er ætla má að ferðin muni standa. Ella má láta vega-

bréf þessi gilda allt að fimm árum nema ljóst sé að réttur handhafa til diplómátskra vegabréfa eða þjónustuvegabréfa falli niður fyrir þann tíma.

6. gr.

Nú hættir handhafi diplómátsks vegabréfs eða þjónustuvegabréfs að gegna starfi samkvæmt 2. eða 3. gr. og er honum þá skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði, fastanefnd eða sendiráðisskrifstofu (sendiskrifstofu) vegabréf sitt. Sama á við um vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 20. tölul. 2. gr. eða 19. tölul. 3. gr.

Utanríkisráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 22. tölul. 2. gr. og 19. tölul. 3. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Íslenskum sendiskrifstofum er heimilt að framlengja gildistíma diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa ef brýna nauðsyn ber til og ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð. Ekki er heimilt að framlengja gildistíma diplómátskra vegabréfa nema með heimild prótókollskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Framlengja skal gildistíma vegabréfa með áritun til allt að sex mánaða.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

8. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um diplómátsk vegabréf og þjónustuvegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, sbr. 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 626/1999 um diplómátsk vegabréf og þjónustuvegabréf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til utanríkisráðuneytinu verður kleift að annast skráningu upplýsinga um handhafa diplómátskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa í vegabréfaskrá annast Útlendingastofnun skráningu þeirra.

Utanríkisráðuneytinu, 14. janúar 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

I. KAFLI

Almennt um barnaverndarnefndir.

1. gr.

Kosning og skipan.

Um kosningu og skipan barnaverndarnefndar fer eftir ákvæðum 10. og 11. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Tilkynna skal Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fara fram. Einnig skal tilkynna allar breytingar sem kunna að verða á skipan nefndarmanna á kjörtímabili nefndarinnar.

2. gr.

Sjálfstæði barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir lúta sérstöku eftirliti samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og um sjálfstæði þeirra gagnvart sveitarstjórn í einstökum málum fer eftir ákvæði 13. gr. laganna.

Ef sveitarstjórn felur félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar ber að gæta þess að aðgreina barnaverndarmálin frá öðrum málum sem félagsmálanefnd fjallar um.

3. gr.

Hæfi.

Um hæfi nefndarmanna í barnaverndarnefnd og starfsmanna nefnda gilda ákvæði stjórnisýslulaga. Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

4. gr.

Sérhæft starfslið.

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti til að sinna lögboðnum verkefnum nefndarinnar. Barnaverndarnefnd skal setja skriflegar reglur um verkaskiptingu milli nefndarinnar og starfsmanna, m.a. að hvaða marki barnaverndarnefnd framselur til einstakra starfsmanna vald til að taka ákvarðanir, svo sem um að hefja könnun, svo og til að sjá um könnun og meðferð einstakra mála. Reglur þessar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Ef barnaverndarnefnd fær aðra stofnun eða ræður starfsmann til þess að sinna tilteknum verkefnum eða einstökum málum skal gera um það skriflegan samning þar sem skýrt er kveðið á um verkefni og umboð stofnunarinnar eða starfsmannsins.

Barnaverndarnefnd er óheimilt að framselja vald til að:

- a. kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum,
- b. taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. laganna,
- c. setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. laganna, og
- d. taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. laganna.

5. gr.

Bann við ráðningu.

Óheimilt er að ráða til starfa á vegum barnaverndarnefnda menn sem hlotið hafa refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

Barnaverndarnefnd skal óska eftir upplýsingum um sakaskrá um brot skv. 1. mgr. um hvern þann sem til greina kemur að ráða á vegum nefndarinnar.

6. gr.

Starfsstöð.

Barnaverndarnefnd skal hafa fasta starfsstöð. Við sérstakar aðstæður, svo sem þar sem sveitarfélög sameinast um skipan barnaverndarnefndar, má velja nefndinni fleiri en eina fasta starfsstöð.

Á fastri starfsstöð barnaverndarnefndar skal safna saman og varðveita öll gögn nefndarinnar. Þegar sveitarfélög sameinast um skipan barnaverndarnefndar ber hin nýja nefnd ábyrgð á að safna saman öllum gögnum um barnaverndarmál á vegum þeirra nefnda sem áður sinntu barnaverndarmálum í viðkomandi sveitarfélögum.

7. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Um valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda fer almennt skv. 15. gr. barnaverndarlaga.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða annað umdæmi fer nefndin áfram með málið meðan ráðstöfun varir. Ef forsjáraðili barns flyst úr umdæmi nefndar á meðan fóstur eða vistun varir skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem forsjáraðili flytur í taka við meðferð þess þegar fóstur- eða vistunarsamningur fellur úr gildi nema annað sé ákveðið með heimild í 15. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarnefndin sem ráðstafaði barni skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi tímanlega áður en fóstur- eða vistunarsamningur fellur úr gildi. Jafnframt ber að upplýsa nefndina um öll afskipti af mál-efnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu vegna barns sem statt er í umdæmi nefndarinnar en á fasta búsetu annars staðar ber nefndinni tafarlaust að framsenda tilkynningu til þeirrar nefndar þar sem barn á fasta búsetu. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður barnaverndarnefndar þar sem barn er statt, eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Barnaverndarnefnd þar sem barn á fasta búsetu skal án tafar taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

8. gr.

Samstarf við Barnaverndarstofu.

Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári á eyðublaði sem Barnaverndarstofa útbýr. Í skýrslunni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

Barnaverndarnefndum ber einnig að senda Barnaverndarstofu allar skýringar, upplýsingar og skýrslur sem stofan telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega, á grundvelli kvartana eða vegna athugana sem Barnaverndarstofa efnir til. Upplýsingar skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en einum mánuði eftir að beiðni berst.

Um samstarf barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

II. KAFLI

Almennt um málsmeðferð.

9. gr.

Meginreglur.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu. Barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra ber að hafa í heiðri meginreglur barnaverndarstarfs skv. 4. gr. barnaverndarlaga í öllum störfum sínum.

10. gr.

Gildissvið.

Um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði barnaverndarlaga, sérstaklega VIII. kafla, og ákvæði stjórnisýslulaga með þeim frávikum sem greinir í barnaverndarlögum.

III. KAFLI

Tilkynningar til barnaverndarnefnda.

11. gr.

Tilkynningarskylda.

Um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda fer samkvæmt ákvæðum 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga.

12. gr.

Skráning tilkynninga.

Tilkynningar geta borist barnaverndarnefnd bæði skriflega og munnlega. Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Barnaverndarnefnd skal skrá niður allar tilkynningar sem berast með kerfisbundnum hætti og varðveita tilkynningar og þau gögn sem þeim kunna að fylgja. Eftirfarandi upplýsingar skal skrá eftir föngum:

- a. hvenær tilkynning berst,
- b. nafn tilkynnanda, kennitölu og heimilisfang,
- c. tengsl tilkynnanda við barnið og foreldra þess,
- d. ósk um nafnleynd eftir því sem við á, sbr. 19. gr. barnaverndarlaga,
- e. nafn barns sem tilkynnt er um og heimili barnsins,
- f. nöfn foreldra barnsins, og
- g. efni tilkynningarinnar.

13. gr.

Nafnleynd.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ef barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur nefndin tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Gefa skal tilkynnanda kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin og leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að skjóta ákvörðun nefndar til kærufndar barnaverndarmála. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd geta barnaverndarnefnd og/eða forsjáradilar barns óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

Ákvæði um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga.

IV. KAFLI

Upphaf barnaverndarmáls.

14. gr.

Ákvörðun um að hefja könnun barnaverndarmáls.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því að henni barst tilkynning, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Þegar barnaverndarnefnd fær upplýsingar um aðstæður sem lýst er í 1. mgr. með öðrum hætti en með tilkynningu skal nefndin taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu eigi síðar en innan sjö daga frá því að upplýsingar lágu fyrir. Á þetta getur reynt til dæmis við vinnslu máls samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eða barnalögum eða þegar grunur vaknar við vinnslu barnaverndarmáls um að önnur börn en þau sem tilkynnt var um kunni að búa við aðstæður sem lýst er í 1. mgr.

Áður en tekin er ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun er barnaverndarnefnd heimilt að afla nánari upplýsinga frá tilkynnanda og/eða skoða eldri gögn sem barnaverndarnefnd hefur um barnið og forsjáraðila þess.

Ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun skal taka sérstaklega fyrir hvert barn sem barnaverndarnefnd berst tilkynning um eða fær upplýsingar um með öðrum hætti og ákvörðun skal taka um hverja og eina tilkynningu sem berst barnaverndarnefnd.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni svo fljótt sem verða má. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Um upphaf barnaverndarmáls og ákvörðun um að hefja könnun gilda að öðru leyti ákvæði 21. gr. barnaverndarlaga.

V. KAFLI

Könnun barnaverndarmáls.

15. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Um hæfi og hlutverk talsmanns vísast til VII. kafla reglugerðarinnar.

16. gr.

Markmið könnunar.

Markmið könnunar er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

17. gr.

Samvinna barnaverndarnefndar og forsjáraðila við könnun máls.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Samþykki forsjáraðila þarf ekki að liggja fyrir til að afla upplýsinga sem barnaverndarnefnd telur nauðsynlegar fyrir úrlausn máls.

Forsjáraðilum eða þeim sem barn dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim sem málið varðar ýrtrustu nærgætni.

18. gr.

Samvinna barnaverndarnefndar og barns við könnun máls.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við barn að teknu tilliti til aldurs og þroska barnsins. Um heimildir til að tala við barn fer skv. 43. gr. barnaverndarlaga. Um réttarstöðu og aðild barns gildir 46. gr. sömu laga.

19. gr.

Samvinna barnaverndarnefndar og annarra við könnun máls.

Um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd fer skv. 44. gr. barnaverndarlaga. Upplýsingaskylda og réttur barnaverndarnefnda til upplýsinga skv. 44. gr. nær til allra fyrirliggjandi gagna, svo sem bréfa og skjala sem mál varða, allra annarra gagna, svo sem teikninga, uppdráttu, korta, mynda, myndbanda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu, svo og dagbókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsgögn. Enn fremur til gagna og upplýsinga sem kann að þurfa að taka sérstaklega saman vegna beiðni barnaverndarnefndar í samræmi við ákvæði 44. gr.

Barnaverndarnefnd ber að gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af. Án samþykkis forsjáraðila má barnaverndarnefnd einungis gefa þær upplýsingar við könnun máls sem brýna nauðsyn ber til í því skyni að fá umbeðnar upplýsingar um aðstæður barns.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði leita skriflegra upplýsinga og gagna um aðstæður barns og leitast við að afmarka með skýrum hætti hvaða upplýsinga eða gagna er óskað. Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum.

20. gr.

Ósk um lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni skal barnaverndarnefnd að jafnaði óska lögreglurannsóknar. Leita skal samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og haft samráð við barn eftir atvikum. Ef samþykki liggur ekki fyrir getur barnaverndarnefnd óskað lögreglurannsóknar ef grunur leikur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu.

21. gr.

Niðurstæða könnunar.

Könnun barnaverndarmáls skal fara fram áður en beitt er úrræðum á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og henni skal hraðað svo sem kostur er. Könnun skal ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur hverju sinni og ekki skal aflað annarra persónuupplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru til að geta fjallað um mál barns.

Þegar mál hefur verið nægilega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman skriflega greinargerð sem kynnt skal fyrir forsjáraðilum og barni eftir því sem við á. Í greinargerð skal geta um:

- a. tilkynningar og efni þeirra eða annað tilefni könnunar þegar það á við,
- b. ákvörðun um að hefja könnun og tilkynningu til forsjáraðila,
- c. með hvaða hætti mál var kannað,
- d. niðurstöður könnunar, og
- e. tillögum að heppilegum úrræðum ef talin er þörf á úrbótum.

Greinargerð skal liggja fyrir að jafnaði innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Ef aðstæður barns teljast viðunandi að mati barnaverndarnefndar ber að loka máli og tilkynna forsjáradilum og barni eftir atvikum þá ákvörðun.

VI. KAFLI

Áætlun.

22. gr.

Áætlun um stuðningsúrræði.

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við forsjáradila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

Ef talin er þörf á beitingu úrræða skal gera áætlun svo fljótt sem verða má eftir að niðurstöður könnunar liggja fyrir.

Í áætlun um stuðningsúrræði skal geta um:

- a. nafn barns og nöfn forsjáradila, kennitölur og heimilisföng,
- b. niðurstöður könnunar,
- c. markmið áætlunar,
- d. hlutverk allra aðila sem koma að stuðningsúrræðum meðan áætlun varir,
- e. hvenær og hvernig meta skuli árangur, og
- f. tíma sem áætlun er ætlað að vara.

Áætlun skal undirrituð af aðilum og fulltrúa barnaverndarnefndar. Ef áætlun gerir ráð fyrir að barnaverndarnefnd taki við umsjá eða forsjá barns og ráðstafi barni í fóstur eða visti það utan heimilis, skv. 25. gr. barnaverndarlaga, skal samþykki foreldra og barns, þegar það á við, uppfylla formkröfur 48. gr. laganna.

Gera skal eina áætlun í einu fyrir hvert barn til ákveðins tíma og endurskoða áætlun eftir þörfum. Tímanlega áður en áætlun rennur út skal barnaverndarnefnd í samvinnu við aðila meta árangur og hvort þörf er á beitingu frekari úrræða.

Þegar aðstæður barns verða viðunandi að mati barnaverndarnefndar ber að loka máli og tilkynna forsjáradilum og barni eftir atvikum þá ákvörðun.

23. gr.

Samvinna við aðra við framkvæmd áætlunar.

Við undirbúning, gerð og framkvæmd áætlunar ber barnaverndarnefnd að meta þörf á samstarfi við alla þá aðila sem koma að umönnun barns, veitt gætu barni stuðning eða vinna í málum barnsins, svo sem leikskóla, skóla, heilbrigðisstarfsmenn, lögreglu, dómstóla og fangelsismálayfirvöld. Ef barnaverndarnefnd telur mikilvægt að koma á samvinnu við aðra en forsjáradila og barn við gerð eða framkvæmd áætlunar ber barnaverndarnefnd að leita eftir samþykki forsjáradila og að leitast við að koma slíku samstarfi á.

24. gr.

Einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, um beitingu stuðningsúrræða skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun sem kynnt skal fyrir foreldrum og barni. Í einhliða áætlun skal geta um:

- a. nafn barns og nöfn forsjáradila, kennitölur og heimilisföng,
- b. niðurstöður könnunar,
- c. þær áætlanir um stuðningsaðgerðir sem kunna að hafa verið gerðar og mat á árangri,
- d. með hvaða hætti reynt hefur verið að gera áætlun um stuðningsaðgerðir, og
- e. tillögur um beitingu tiltekinnna þvingunarúrræða sem nauðsynlegt þykir að grípa til.

Ef barnaverndarnefnd telur ekki uppfyllt skilyrði barnaverndarlaga um beitingu þvingunarúrræða ber að loka málinu og tilkynna forsjáradilum og barni eftir atvikum um þá ákvörðun.

25. gr.

Áætlun um umsjá barns í fóstri eða vistun utan heimilis.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í barnaverndarlögum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun um umsjá skal geta um:

- a. nafn barns og nöfn forsjáradila, kennitölur og heimilisföng,
- b. ákvörðun um vistun,
- c. hvar umsjá/for sjá liggir,
- d. markmið með vistun,
- e. hvers konar vistun er fyrirhuguð,
- f. fyrirhugaða tímalengd vistunar hverju sinni, og
- g. stuðning við barnið og aðra meðan vistun varir.

Tímanlega áður en fóstri eða vistun lýkur skal barnaverndarnefnd meta árangur og hvort þörf er á beitingu frekari úrræða.

26. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana.

Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar. Ef barnaverndarnefnd telur þörf fyrir áframhaldandi ráðstöfun skal leitast við, í samvinnu við forsjáradila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, að gera skriflega áætlun um stuðningsúrræði. Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, um beitingu stuðningsúrræða skal barnaverndarnefnd kveða upp úrskurð um frekari ráðstafanir innan 14 daga frá því að formaður eða starfsmaður í umboði hans tók ákvörðun. Ef úrskurður liggur ekki fyrir innan 14 daga fellur neyðarráðstöfun úr gildi.

VII. KAFLI

Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

27. gr.

Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess.

Um heimildir barnaverndarnefndar til að takmarka rétt til aðgangs að gögnum gildir ákvæði 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga.

28. gr.

Andmælaréttur og lögmannaðstoð.

Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð eða tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28., 29. og 37. gr. barnaverndarlaga.

Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð þegar fyrir liggur einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða eða áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, svo og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Barnaverndarnefnd skal setja reglur um lögmannaðstoð þar sem taka má tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

29. gr.

Talsmaður barns.

Um aðild og réttindi barns við málsmeðferð gildir ákvæði 46. gr. barnaverndarlaga.

Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns.

30. gr.

Hæfi talsmanns.

Nefndarmaður í barnaverndarnefnd, starfsmaður nefndarinnar eða þeirrar stofnunar sem fer með tiltekið mál í umboði barnaverndarnefndar getur ekki orðið talsmaður barnsins í málinu. Ekki skal skipa þann talsmann fyrir barn sem hefur hagsmuni af úrlausn barnaverndarmáls eða hefur sterk tengsl við einhvern sem hefur slíka hagsmuni.

Barnaverndarnefnd velur að öðrum kosti talsmann sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli sem um ræðir. Ekki er gerð krafa um sérstaka menntun talsmanns en leitast skal við að velja þann sem hefur sérþekkingu á málefnum barna og ber skyn á þau mál sem barnaverndarnefndir fjalla um.

31. gr.

Hlutverk talsmanns.

Hlutverk talsmanns er að ræða við barnið og koma á framfæri sjónarmiðum þess. Talsmaður á ekki óskoraðan rétt til aðgangs að gögnum í barnaverndarmáli en barnaverndarnefnd ber að meta hverju sinni hvaða upplýsingar um málið rétt er að talsmaður fái til að geta gegnt hlutverki sínu.

VIII. KAFLI

Skráning og meðferð persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd.

32. gr.

Skráning mála.

Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá allar tilkynningar sem berast í samræmi við 12. gr. og afdrif þeirra.

Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun. Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá öll barnaverndarmál sem nefnd hefur til meðferðar. Málaskrá skal skipuleggja þannig að barnaverndarnefnd geti á hverju tíma með auðveldum hætti fundið mál barns og mál sem forsjáraðilar barnsins tengjast.

Í málaskrá skulu eftirfarandi upplýsingar skráðar:

- a. nafn barns og forsjáraðila, kennitölur og heimilisföng, og
- b. hvenær barnaverndarmál hefst og hvenær því lýkur.

33. gr.

Skráning upplýsinga.

Varðveita skal með skipulögðum hætti allar upplýsingar um hvert barnaverndarmál, m.a. eftirfarandi:

- a. tilkynningar, sbr. 12. gr.,
- b. afrit allra bréfa sem send eru vegna málsins,
- c. skrifleg gögn sem aflað er við könnun máls,
- d. upplýsingar um málsatvik sem barnaverndarnefnd eru veittar munnlega, svo sem í símtölum eða á fundum, sbr. 19. gr.,
- e. allar greinargerðir og áætlanir,
- f. alla samninga um úrræði, svo sem um vistun og fóstur, og
- g. allar ákvarðanir barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla.

34. gr.

Persónuupplýsingar.

Barnaverndaryfirvöld vinna almennt með viðkvæmar persónuupplýsingar. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Persónugreinanlegar teljast þær upplýsingar sem unnt er að persónugreina, beint eða óbeint, með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hinn skráða í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

35. gr.

Varðveisla gagna.

Formaður barnaverndarnefndar ber ábyrgð á því að öll gögn barnaverndarmála sem unnin hafa verið og unnin eru í umdæminu séu varðveitt á starfsstöð nefndar með tryggilegum hætti og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Gögn sem innihalda persónuupplýsingar skal undantekningarlaust geyma í læstum og traustum hirslum.

Þegar gögn sem innihalda persónuupplýsingar eru geymd í tölvu skal þess gætt að ekki sé hægt að nálgast þau nema með því að slá inn sérstakt lykilorð sem óviðkomandi hefur ekki aðgang að. Enn fremur skal þess gætt að öryggi tölvubúnaðar sé með þeim hætti að óviðkomandi geti ekki nálgast gögnin, breytt þeim eða eytt.

Ef barnaverndarnefnd fær aðra stofnun eða ræður starfsmann til þess að sinna tilteknum verkefnum eða einstökum málum skal í skriflegum samningi skv. 4. gr. sérstaklega kveða á um skráningu, varðveislu og skil á gögnum sem innihalda persónuupplýsingar. Hið sama á við um samninga um stuðning eða beitingu úrræðis samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Barnaverndarnefndir skulu að jafnaði ekki senda gögn sem hafa að geyma persónuupplýsingar með tölvupósti eða símbréfi nema að viðhöfðum nauðsynlegum öryggisráðstöfunum.

Nefndarmönnum og starfsmönnum barnaverndarnefndar er einungis heimilt að fara með gögn sem innihalda persónuupplýsingar af starfsstöð í skýrum og afmörkuðum tilgangi vegna vinnslu sem þarf að fara fram annars staðar. Ber þá sérstaklega að gæta þess að óviðkom-

andi hafi ekki aðgang að gögnunum og sjá til þess að gögnum verði skilað aftur á starfstöð svo fljótt sem verða má.

36. gr.

Aðgangur nefndarmanna og starfsmanna barnaverndarnefndar að gögnum.

Barnaverndarnefnd og starfsmenn viðkomandi nefndar skulu einir hafa aðgang að upplýsingum og gögnum sem innihalda persónuupplýsingar í máli, auk aðila sem lögum samkvæmt eiga rétt til aðgangs.

Aðgangur einstakra nefndarmanna og starfsmanna að persónuupplýsingum skal ekki vera rýmri en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim verkefnum sem viðkomandi hefur með höndum hverju sinni.

Þar sem félagsmálanefnd fer með hlutverk barnaverndarnefndar eða starfsmenn barnaverndarnefndar hafa sameiginlegt skrifstofuhald með starfsmönnum annarra nefnda eða stofnana, skal aðgreina verkefni og gögn barnaverndarmála frá öðrum gögnum og tryggja að eingöngu þeir sem starfa að barnaverndarmálum hafi aðgang að gögnum sem þau mál varða.

Formaður barnaverndarnefndar ber ábyrgð á því að óviðkomandi eigi ekki aðgang að upplýsingum og gögnum barnaverndarmála.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 6. mgr. 21. gr., 2. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. janúar 2004.

Árni Magnússon.

Þorgerður Benediktsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa á Akranesi.

1. gr.

Akraneskaupstaður innheimtir gjald fyrir fráveitu á Akranesi og hreinsun rotþróa skv. gjaldskrá þessari og reglugerð um fráveitu á Akranesi.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlis-, par- og raðhús	kr.	153.122	á hverja íbúð
Fyrir fjölbýlishús	–	51.041	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	–	170.136	pr. tengingu

Gjöldin eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 278 stig (1. janúar 2003) og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árgjald:

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

	Stærð í lítrum	Árgjald kr.
Rotþró	0-2.000	5.000
Rotþró	2.001-4.000	5.500
Rotþró	4.001-6.000	6.000
Rotþró	>6.000	2.000 pr. m ³ umfram 6 þ.

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu árgjaldi fyrir þá losun.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Gjaldskráin er sett í samræmi við samþykkt nr. 667/2003 um fráveitu Akraneskaupstaðar.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 18. desember 2003. Fyrri umræða fór fram 25. nóvember 2003.

Akranesi, 19. janúar 2004.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er hús-eiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------------|
| 1. Heitt vatn um rennismæli: | kr. |
| A. Fyrir hvern rúmmetra vatns | 53,34 |
| 2. Mælaleiga: | |
| Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. | |
| Því er skipt í þrjá flokka: | kr./dag |
| A. 15-20 mm | 21,29 |
| B. 25-50 mm | 44,46 |
| C. 65 mm og stærri | 90,13 |
| 3. Sérstakir notendur: | |
| Sérstakir notendur að heitu vatni greiða fyrir afnot sem hér segir: | |
| A. Almenningsundlaugar | 16,00 kr./m ³ |
| Gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga. | |
| B. Sundlaugar stofnana | 26,70 kr./m ³ |
| Til þessa flokks teljast sundlaugar sem reknar eru af stofnunum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga. | |
| C. Gróðurhús | 13,36 kr./m ³ |
| Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni. | |
| D. Vatnsverð án flutningsgjalda | 35,56 kr./m ³ |
| Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina. Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni. | |

4. Vanskila- og ítrekunargjöld:
Tilkynning um vanskil kr. 450.
Ítrekunargjald vegna vanskila kr. 900.

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögur á ári og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni sbr. 4. gr. skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitueikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitueikninganna og hitaveitunni álagningu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Sverleiki pípu	kr.
20 mm	58.368
25 mm	121.693
32 mm	185.920
40 mm	377.475
50 mm	631.003
65 mm	1.267.641
80 mm	2.539.787

Sé heimæð lengri en 150 metrar skal gert skriflegt samkomulag um greiðslu viðbótar-
kostnaðar við lagningu heimæðarinnar.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 18.022 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá bæjarráði heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda sem eigi skal vera með skemmri fyrirvara en þriggja daga.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 3.600 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 962, frá 20. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. janúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | | |
|----|---|-----|---------|
| a) | Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði | kr. | 928,20 |
| | og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | | |
| b) | Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 56,50 |
| c) | Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 103,70 |
| d) | Gjald fyrir lokun og enduropnun | kr. | 1855,80 |
| e) | Míðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal míða við snertihitastig mælaborns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir: | | |
| | 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C. | | |
| | 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C. | | |
| | 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra. | | |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá rétttri stillingu, skal hann greiða kr. 928,20.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald		
Allt að 300 m ³	125.460 kr.		
300 - 2 000 m ³	125.460 kr.	fyrir	300 m ³ og 115 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	321.442 kr.	fyrir	2.000 m ³ og 92 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	687.646 kr.	fyrir	6.000 m ³ og 74 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	986.032 kr.	fyrir	10.000 m ³ og 65 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 12.211 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2004, 287,8 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 182, 7. mars 2003.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. janúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi, hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í samræmi við reglugerðir um fráveitur og seyru. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Samþykkt þessi nær jafnframt til allra fasteigna sem ekki hafa aðgang að fráveitukerfi sveitarfélagsins. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olúgildra.

Sveitarfélagið Ölfus annast losun og hirðu seyru og annarra botnfelliefna innan marka sveitarfélagsins. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu á deiliskipulag sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

Peir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglu heilbrigðiseftirlitsins.

II. KAFLI Um fráveitur.

2. gr.

Sveitarfélagið Ölfus starfrækir fráveitur í Þorlákshöfn. Sveitarsjóður kostar rekstur þeirra og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við þær. Sveitarfélagið Ölfus getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæknideild Sveitarfélagsins Ölfuss fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreina á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita

ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur.

Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar eru háðar samþykki heilbrigðisnefndar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma. Hreinsun fer fram á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd árlega við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu, annað hvort ár við heimili og þriðja hvert ár við sumarhús undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Sveitarfélagið Ölfus sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzyrna til að auka virkni rotþróa.

8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum.

Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu Ölfusi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins.

Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

13. gr.

Þar sem hættu er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráæs-islagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

III. KAFLI

Um fráveitu- og rotþróargjald.

14. gr.

Fráveitu- og rotþróargjald skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, sbr. nánar ákvæði í samþykkt þessari.

Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Ölfusi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

17. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Sveitarfélagsins Ölfuss.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða.

19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyruhirðu. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana.

20. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekju-lítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

21. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

22. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. janúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 7.500 kr. og sorpeyðingargjald í 6.500 kr. á hverja tunnu. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu D.A.S. Hafnarfirði skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á Hrafnistu í Hafnarfirði eru vistrými fyrir 77 einstaklinga. Á hjúkrunardeildum er rými fyrir 148 einstaklinga. Einnig er dagvistun fyrir 26 einstaklinga.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Forstjóri	0,5 stg.
Forstöðumaður stjórnunarsviðs	0,5 stg.
Forstöðumaður félagssviðs og vistunar	0,5 stg.
Aðalbókari	0,5 stg.
Starfsmenn launadeildar	2,0 stg.
Hjúkrunarforstjóri	0,5 stg.
Aðstoðarhjúkrunarforstjóri	0,5 stg.
Hjúkrunarfræðingur, næturvakt alla daga	1,62 stg.
Lækningaforstjóri	0,35 stg.
Læknar	0,8 stg.
Læknafulltrúi	1,0 stg.

	<i>Dagvakt Stöðugildi</i>	<i>Kvöldvakt Stöðugildi</i>	<i>Næturvakt Stöðugildi</i>	<i>Helgardag- og kvöldvakt Stöðugildi</i>	<i>Stöðugildi alls</i>
Hjúkrunarv. vistheimili					
Hjúkrunarfræðingar	2,80	1,00	1,00	0,80	5,60
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,40	0,80	6,20
Hjúkrunardeild B2					
Hjúkrunarfræðingar	2,00	1,00	0,00	0,80	3,80
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,40	1,20	6,60
Hjúkrunardeild B3					
Hjúkrunarfræðingar	2,00	1,00	0,00	0,80	3,80
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,40	1,20	6,60
Hjúkrunardeild B4					
Hjúkrunarfræðingar	2,80	1,00	0,00	0,80	4,60
Sjúkraliðar	3,00	1,50	1,40	1,20	7,10
	<i>Stöðugildi</i>				
Skrifstofa					
Símaparsla	1,13				
Fulltrúi (sjúklingabókhald)	1,00				
Pvottahús					
Verkstjóri	0,00				
Aðrir starfsmenn	2,30				

	<i>Dagvakt</i> <i>Stöðugildi</i>	<i>Kvöldvakt</i> <i>Stöðugildi</i>	<i>Næturvakt</i> <i>Stöðugildi</i>	<i>Helgarvakt</i> <i>Stöðugildi</i>	<i>Stöðugildi</i> <i>alls</i>
Borðsalur					
Verkstjóri	0,80	0,40	0,00	0,30	1,50
Aðrir starfsmenn	5,00	1,60	0,00	1,70	8,30
Eldhús					
Yfirmatsveinn	0,80	0,00	0,00	0,20	1,00
Matsveinar/bakari	0,80	0,00	0,00	0,20	0,40
Aðrir starfsmenn	3,80	0,00	0,00	1,60	5,40
Húsvarsla					
Vaktmenn	0,00	0,88	1,40	0,80	3,08
Ræstingadeild					
Ræstingastjóri	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00
Aðrir starfsmenn	16,55	0,00	0,00	1,45	18,00
Heimilishjálp	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00
Dagvistun	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00

Skýring: 1 stöðugildi er starfsmaður í fullu starfi (40 tímar).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. janúar 2004.

Hrafnista D.A.S.,

Kristján Sigurðsson, forstöðumaður stjórnunarviðs.

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2004.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 30. júlí 2004 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 29. október 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 2004.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

Ríkisskattstjóra nr. 2/2004 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2004 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur bifreiðar, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar hennar ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2003 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 9,1 % vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2003. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2003 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2004.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá Fjarðabyggð um breytt deiliskipulag þriggja íbúðarsvæða á Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 18. desember 2003 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi þriggja íbúðarsvæða á Reyðarfirði.

Heiðarvegur – Efstagerði. Samþykkt 20. mars 2002.

Breytingin felst í að lóðirnar nr. 1a og 1b við Hæðargerði verða ein lóð nr. 1a og lóðirnar nr. 7a og 7b við Hæðargerði verða einnig ein lóð nr. 7a.

Skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykktur uppdráttur frá 18. mars 2002.

Bakkagerði 1. Samþykkt 8. maí 2002.

Breytingin felst í breyttum númerum, húsagerðum og stærðum lóða norðan Bakkagerðis. Þá er breytt nýtingarhlutfall á lóð nr. 9 við Bakkagerði og breytingar á byggingarreitum á öllum lóðum við Bakkagerði og á lóð nr. 17 við Vallargerði.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir. Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 8. maí 2002.

Oddnýjarhæð. Staðfest 2. desember 1992.

Breytingin felst í að bætt er við fjórum nýjum lóðum við Melgerði, fyrir fjölbýlishús með samtals um 100 íbúðir, auk lóðar fyrir spennistöð. Þá falla niður lóðirnar nr. 9, 11 og 13 við Sunnugerði. Mörkum lóðanna nr. 12, 14 og 16 er breytt og lóð nr. 15 við Austurveg verður nr. 10 við Sunnugerði.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag fyrir sama svæði frá 2. desember 1992.

F.h. Fjarðabyggðar, 12. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi fyrir
„Hellnahraun-athafnasvæði“ í Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hellnahrauni-athafnasvæði“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. janúar 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. október 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. janúar 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 913/2002 um gjaldeyrismarkað.

1. gr.

5. gr. reglna um gjaldeyrismarkað verður eftirfarandi:

Viðskiptavakar skulu skila Seðlabanka Íslands tvenns konar yfirliti, daglegu og mánaðarlegu, um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði og gjaldeyrisjöfnuð - í því formi sem Seðlabankinn mælir fyrir um. Upplýsingar vegna hvers viðskiptadags skulu berast fyrir kl. 14.00 næsta dag, en yfirlit um hvern mánuð eigi síðar en kl. 16.00 sjöunda virkan dag næsta mánaðar.

Viðskiptavökum ber einnig að veita Seðlabanka Íslands símleiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Viðskiptavökum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. janúar 2004.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Jón Sigurðsson
bankastjóri.

14. janúar 2004

Nr. 69

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 14. janúar 2004.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Nr. í B-deild Stjórnartíðinda
797	Hvíldarheimilissjóður húsmæðra í Kaldrananeshreppi	78/1953
1088	Minningarsjóður Jóhönnu Sigurjónsdóttur	290/1970
1352	Styrktarsjóður Þórarins Sigurðssonar	516/1988
43	Jarðeldasjóður	157/1878
116	Minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur	103/1914
446	Minningarsjóður Jóns Ólafssonar frá Sumarliðabæ	136/1939
496	Rekstursjóður björgunarskipa Slysavarnafélags Íslands	215/1941
634	Verðlaunasjóður Friðriks Halldórssonar	120/1946
706	Minningarsjóður Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum	179/1949
1503	Orgelsjóður Ingjaldshólskirkju-Jóhönnusjóðs	584/1996
696	Minningarsjóður Ingibjargar G. Guðmundsdóttur	72/1949
892	Minningarlundur Jóns biskups Arasonar	192/1959
1152	Minningarsjóður Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinsen	222/1975

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. janúar 2004.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir mannvirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 9. október 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir mannvirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal í Fljótsdalshreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Víðivöllum fremri, 14. janúar 2004.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

AUGLÝSING

um umferð í Höfðahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Höfðahrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Höfðahreppi:

Aðalbrautir:

Fellsbraut
Oddagata norðan frá gatnamótum Fellsbrautar
Strandgata
Einbúastígur austan gatnamóta Hafnarbrautar
Hafnarbraut að hafnarsvæði við suðvesturhorn
Hafnarlóðar nr. 9

Biðskylda verði af:

Einbúastíg inn á gatnamót Hafnarbrautar
Mánabraut inn á Strandgötu
Skúffugarðsvegi inn á Strandgötu
Skemmugötu (Hafnarlóð) inn á Strandgötu
Dagheimilisreit inn á Oddagötu
Hólanesvegi inn á Oddagötu
Ægisgrund inn á Oddagötu
Bogabraut inn á Oddagötu
Hólanesvegi inn á Oddagötu
Oddagötu til norðurs inn á gatnamót við Fellsbraut
Norðurbraut inn á Fellsbraut
Sólarvegi inn á Fellsbraut
Vetrarbraut inn á Fellsbraut
Höfðastræti inn á Skagaveg
Vetrarbraut inn á Skagaveg
Bankastræti inn á Skagaveg
Norðurbraut inn á Bogabraut
Hólabraut inn á Norðurbraut
Sólarvegi inn á Hólabraut
Bogabraut inn á Vetrarbraut
Ránarbraut inn á Vetrarbraut
Suðurvegi inn á Túnbraut
Suðurvegi inn á Vallarbraut
Vallarbraut til vesturs inn á Oddagötu
Túnbraut inn á Oddagötu

Túnavegi inn á Fellsbraut
Fjörubraut inn á Hólanesveg
Hólabraut inn á Vetrarbraut
Skagavegi inn á gatnamót Einbúastígs og Strandgötu
Sunnuvegi inn á Túnbraut
Sólarvegi inn á Bogabraut

Bannað verði að leggja bifreiðum á:

Oddagötu frá gatnamótum Fellsbrautar að hraðahindrun á mótum Oddagötu og Strandgötu
Strandgötu að austan og norðan, frá Sævarlandi að Karlsskála.
Fellsbraut að sunnanverðu frá Vetrarbraut að Sólarvegi
Fellsbraut að norðan frá Sólarvegi að Oddagötu
Bogabraut að sunnan frá gatnamótum Oddagötu að Norðurbraut

Hraðahindranir:

Á Fellsbraut við hús nr. 17
Á Strandgötu við hús nr. 2 (Sævarland)

Gangbrautir:

Á Fellsbraut við gatnamót Oddagötu
Á Fellsbraut við hús nr. 17
Á Oddagötu norðan gatnamóta Bogabrautar
Á Fellsbraut við hús nr. 1
Á Oddagötu á mótis við söluskála
Á Bogabraut við gatnamót Oddagötu
Á Túnbraut við gatnamót Suðurvegur
Á Norðurbraut inn á gatnamót Hólabrautar

Akstur vélsleða og vélknúinna fjórhjóra er heimill utan þéttbýlis Skagastrandar en bannaður innan þéttbýlis nema til að koma hinu vélknúna tæki að og frá heimili/geymslustað, stystu leið.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Höfðahreppi eru felldar úr gildi með samþykkt þessari.

Lögrelustjórinn á Blönduósi, 13. janúar 2004.

Bjarni Stefánsson.

ÚTHLUTUNARREGLUR

fornleifasjóðs.

1. gr.

Hlutverk fornleifasjóðs.

Hlutverk fornleifasjóðs er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forn-gripum.

2. gr.

Úthlutanir úr fornleifasjóði.

Stjórn fornleifasjóðs úthlutar styrkjum til eftirtalinna verkefna:

- fornleifarannsóknar
- forvörslu
- minjaverndar
- fornleifaskráningar
- annarra verkefna en þeirra, sem þegar hafa verið talin og stjórn fornleifasjóðs metur styrkhæf.

Styrkjum er úthlutað til ákveðins tíma hverju sinni. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma, fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn um frestun skal vera skrifleg og rökstudd.

Við mat á umsóknum leitar stjórnin umsagnar fagaðila, þegar hún telur þess þörf.

3. gr.

Auglýsing um styrki úr fornleifasjóði.

Stjórn fornleifasjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Að jafnaði skal úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári.

Stjórn fornleifasjóðs getur ákveðið hverju sinni í auglýsingu til hvaða verkefna styrkir skuli veittir.

4. gr.

Almennt um umsóknir.

Umsóknir um styrk úr fornleifasjóði skulu koma frá þeim aðilum sem standa fyrir verk-efnunum og kosta þau.

Umsókn um styrk til fornleifarannsókna skal fylgja tilskilið leyfi frá Fornleifavernd rík-ísins.

Umsóknir skulu bera greinilega með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Þeim skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur
2. Nafn þess, er annast samskipti við stjórn sjóðsins
3. Nákvæm lýsing verkefnisins ásamt tíma- og kostnaðaráætlun
4. Tilskilin leyfi frá Fornleifavernd ríkisins og/eða leyfi frá vörslustofnunum muna, þegar við á
5. Uppdrættir
6. Sögulegar upplýsingar og lýsingar á núverandi ástandi, svo sem um þörf forvarna og björgunarrannsókna
7. Ljósmyndir.

5. gr.

Eftirlit stjórnar fornleifasjóðs.

Stjórn fornleifasjóðs hefur eftirlit með því, að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var

í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa stjórnarinnar stöðu verksins, sé þess óskað og afhenda stjórninni umbeðin gögn henni að kostnaðarlausu.

Stjórnin getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji stjórnin, að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn.

Að verkefni loknu skal kynna árangur og niðurstöður fyrir nefndinni með skriflegri skýrslu. Heimilt er að vísa umsóknum frá, ef misbrestur hefur orðið á skilum umsækjenda vegna fyrri styrkveitinga, sbr. 2. mgr. 5. gr.

6. gr.

Gildistaka.

Úthlutunarreglur þessar eru settar skv. heimild í 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 35/2003 frá 14. janúar 2003.

Menntamálaráðuneytinu, 6. janúar 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um skrá hjúkrunarheimilisins Garðvangs skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga:

Hjúkrunarforstjóri

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvöktum

Einn hjúkrunarfræðingur á morgun- og kvöldvöktum

Sjúkraliðar S.L.F.Í. 8,5 stöðugildi

Starfsfólk í S.F.S.B.:

Starfsfólk í umönnun 18,3 "

" eldhúsi 4,0 "

" þvottahúsi 1,4 "

" ræstingu 1,4 "

" félagsstarfi 2,2 "

" á skrifstofu 1,5 "

Garði, 16. janúar 2004.

F.h. hjúkrunarheimilisins Garðvangs,

Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um skrá Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á hjúkrunarheimilinu eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl og er Sunnuhlíð heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað. Hjúkrunarheimilinu er skipt í fjórar vinnueiningar, D-I, D-II, D-III, sem er deild fyrir 10 sjúklinga með heilabilun og D-IV. Heimild er fyrir rekstri 72 hjúkrunarrúma.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Framkvæmdastjóri	1,00 stg.
Hjúkrunarforstjóri	1,00 stg.
Launafulltrúi	1,00 stg.
Matreiðslumaður	1,00 stg.
Forstöðukona dagdvalar	1,00 stg.

Stöður hjúkrunarfræðinga skiptast á vaktir eins og hér segir:

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn hjúkrunarfræðingur á næturvakt á öllu hjúkrunarheimilinu.

Sjúkraliðar:

Deild I	2,95 stg.
Deild II	2,50 stg.
Deild III	3,00 stg.
Deild IV	3,20 stg.

Kópavogi, 19. janúar 2004.

F.h. stjórnar Sunnuhlíðar,

Jóhann Árnason framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu D.A.S. Reykjavík skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á Hrafnistu í Reykjavík eru vistrými fyrir 115 einstaklinga þar af 3 fyrir heyrnarlausu. Á hjúkrunardeildum er rými fyrir 186 einstaklinga.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Forstjóri	0,5 stg.
Forstöðumaður stjórnunarsviðs	0,5 stg.
Forstöðumaður félagssviðs og vistunar	0,5 stg.
Aðalbókari	0,5 stg.
Starfsmenn launadeildar	3,0 stg.
Hjúkrunarforstjóri	0,5 stg.
Aðstoðarhjúkrunarforstjóri	0,5 stg.
Hjúkrunarfræðingur, næturvakt alla daga	3,25 stg.
Hjúkrunarritari	1,0 stg.
Lækningaforstjóri	0,4 stg.
Læknar	1,8 stg.
Læknafulltrúi	1,0 stg.

	<i>Dagvakt Stöðugildi</i>	<i>Kvöldvakt Stöðugildi</i>	<i>Næturvakt Stöðugildi</i>	<i>Helgardag- og kvöldvakt Stöðugildi</i>	<i>Stöðugildi alls</i>
Hjúkrunardeild A4					
Hjúkrunarfræðingar	1,60	1,00	0,25	0,80	3,65
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,00	0,80	5,80
Hjúkrunardeild A3					
Hjúkrunarfræðingar	1,60	1,00	0,25	0,80	3,65
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,00	0,80	5,80
Hjúkrunardeild EF2					
Hjúkrunarfræðingar	2,80	1,00	0,25	0,80	4,85
Sjúkraliðar	3,00	1,00	1,00	0,80	5,80
Hjúkrunardeild G2					
Hjúkrunarfræðingar	1,70	1,00	0,25	0,80	3,75
Sjúkraliðar	2,00	1,00	1,00	0,80	4,80
Hjúkrunarvakt D1					
Hjúkrunarfræðingar	3,00	1,00	0,50	0,80	5,30
Sjúkraliðar	3,00	1,00	0,50	0,80	5,30
Hjúkrunarvakt EFG3					
Hjúkrunarfræðingar	2,00	1,00	0,50	0,80	4,30
Sjúkraliðar	1,00	0,50	0,50	0,50	2,50
	<i>Stöðugildi</i>				
Skrifstofa					
Símavarsla	1,00				
Fulltrúi (sjúklingabókhald)	1,00				
Þvottahús					
Verkstjóri	1,00				
Aðrir starfsmenn	11,38				
	<i>Dagvakt Stöðugildi</i>	<i>Kvöldvakt Stöðugildi</i>	<i>Næturvakt Stöðugildi</i>	<i>Helgarvakt Stöðugildi</i>	<i>Stöðugildi alls</i>
Stóri borðsalur					
Verkstjóri	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00
Aðrir starfsmenn	10,30	4,00	0,00	5,35	19,65
Eldhús					
Yfirmatsveinn	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00
Matsveinar/bakari	3,60	0,00	0,00	0,40	4,00
Aðrir starfsmenn	8,60	0,00	0,00	2,60	11,20
Húsvarsla					
Vaktmenn	0,00	0,88	1,40	0,80	3,08
Ræstingadeild					
Ræstingastjóri	1,00	0,00	0,00	0,00	1,00
Aðrir starfsmenn	19,50	0,00	0,00	3,20	22,70

Skýring: 1 stöðugildi er starfsmaður í fullu starfi (40 tímar).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. janúar 2004.

Hrafnista D.A.S.,

Kristján Sigurðsson, forstöðumaður stjórnunarviðs.

AUGLÝSING

um hækkun holræsagjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 955/2003 hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka álagningarhlutfall fráveitugjalds skv. 19. gr. samþykktarinnar í 0,25 % af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Hækkun var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 7.931 kr. og í 2. gr verður leyfisgjald fyrir kött 2.606 kr. Í 4. gr. verður handsömunargjald í fyrsta skipti 4.079 kr. og eftir hvert skipti 7.931 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002 og 65/2003.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 9.800 kr. í stað 9.500 kr. (1. fl.), 7.500 kr. í stað 7.300 kr. (2. fl.) og 5.700 kr. í stað 5.500 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 600 kr. í stað 580 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. janúar 2004.

Árni Magnússon.

Þorgerður Benediktsdóttir.

13. janúar 2004

Nr. 80

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík nr. 66/2003, sbr. auglýsing nr. 607/2003.

1. gr.

Í stað núverandi fylgiskjals I kemur nýtt fylgiskjal er orðast svo:

Fylgiskjal I.

Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.

Matvælaeftirlit

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill	4
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.13.3	Kjötiðnaður, stór	7
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	6
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.51.0	Mjólkurbú	7
15.51.1	Ostagerð	7
15.51.2	Jógúrtframleiðsla	4
15.52.0	Ísgerð	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	6
15.81.1	Brauðverksmiðjur	6
15.81.2	Bakarí	6
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla	7
15.84.0	Súkkulaði og sælgætisgerð	6
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	6
15.89.1	Salatgerð	6
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	6
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór	7
51.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal	4
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	6
51.36.0	Heildverslun með sykur o.fl.	4
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítill	1
51.39.2	Heildverslun með mavæli, meðal	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór	6
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir	7
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal	6
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar	7
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal	4
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	6
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	2
52.11.4	Söluturnar	1
52.11.5	Söluturnar með ís / samlokugerð	4
52.11.6	Matsöluvagnar	2
52.23.0	Fiskbúðir	4
52.24.0	Smásala á brauði og kökum	4
52.27.0	Sérverslun með matvörur	4
52.62.0	Markaðir	4
52.62.1	Sölubás	1
55.11.1	Hótel með litlum matsölustað	4
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað	6
55.11.3	Hótel með stórum matsölustað	7
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu	7
55.30.30	Skyndibitastaðir, litlir	4
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs	6
55.30.4	Brauðstofur	4
55.30.6	Matsölustaðir, veitingahús, lítil	4
55.30.7	Matsölustaðir, veitingahús, meðal	6
55.30.8	Matsölustaðir, veitingahús, stór	7
55.40.5	Kaffistofa	2
55.40.6	Veitingatorg	4
55.51.1	Mötuneyti, lítil	4
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs	6
55.51.3	Mötuneyti, stór	7
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	4
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór	7
63.12.0	Vöruheymslur, flutningamiðstöðvar	6
63.12.01	Vöruheymslur, flutningamiðstöðvar, litlar	2

Hollustuhættir

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
24.30.01	Málningarverksmiðjur	4
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur	3
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	2
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, stórar	7
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, meðal	6
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, litlar	4
50.50.01	Bensínstöðvar	3
52.11	Matvöruverslanir, stórar	6
52.11	Matvöruverslanir, miðlungs	3
52.11	Matvöruverslanir, litlar	1
52.31.0	Apótek	3
52.33.01	Snyrtivöruverslanir	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
52.46.11	Byggingavöruverslanir, stórar	7
52.46.12	Byggingavöruverslanir, meðalstórar	6
52.46.12	Byggingavöruverslanir, litlar	2
52.46.21	Málningavöruverslanir	4
52.48.8	Blómaverslun með B og C efni	4
52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B	4
52.49.1	Gæludýraverslanir	1
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, lítið	2
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, meðal	3
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, mikið	6
55.10.1	Gistiheimili	3
55.12.0	Hótel	4
55.22.0	Tjaldstæði	2
55.23.1	Heimagingingar	2
55.40.1	Krár, litlar, lágmarks matargerð	3
55.40.1	Krár, litlar, lágmarks matargerð, hávaðaeftirlit	3
55.40.3	Krár, stórar, lágmarks matargerð	4
55.40.3	Krár, stórar, lágmarks matargerð, hávaðaeftirlit	3
60.23.0	Samgöngumiðstöðvar	1
74.70.0	Meindýravnir	1
74.84.1	Garðaúðun	1
75.23.0	Fangelsi	4
80.10.0	Grunnskólar, litlir	4
80.10.0	Grunnskólar, stórir	6
80.21.0	Framhaldsskólar	6
80.22.0	Sérskólar	4
80.30.0	Skólar á háskólastigi	6
80.42.2	Tónlistarskólar	1
80.42.9	Hestaleigur, reijðskólar	1
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús	4
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili	5
85.11.44	Vistheimili	1
85.11.5	Áfengismeðferð	3
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	3
85.12.2	Læknastofur	1
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	2
85.14.1	Sjúkraþjálfun	1
85.14.92	Fótaaðgerðastofur	1
85.14.94	Kírópraktor	1
85.2	Dýralæknastofur	1
85.31.4	Sambýli	1
85.31.9	Gistiskýli fyrir heimilslausa	2
85.32.1	Daggæsla í heimahúsum	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir	4
85.32.21	Gæsluvellir	2
85.32.4	Félagsmiðstöðvar	3
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	3
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili	2
91.31	Safnaðarheimili, kirkjur	2
92.	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	2
92.13.0	Kvikmyndahús	5

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
92.31.01	Leikhús	2
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.34.0	Dansskólar	1
92.61.01	Stórir sundstaðir	6
92.61.02	Litlir sundstaðir	3
92.62.03	Íþróttamannvirki	3
93.02.01	Hárgreiðslustofur, litlar	1
	Hárgreiðslustofur, stórar	2
93.02.2	Snyrtistofur, stórar	1
	Snyrtistofur, litlar	2
93.02.3	Húðflúrstofur	1
93.02.4	Húðgötun	1
93.04.01	Líkamsræktarstöð	3
93.04.02	Nuddstofur	1
93.04.03	Sólbaðstofur	2
93.05.01	Almenningssalerni	1
Óflokkað	Verslunarmiðstöðvar	1
Óflokkað	Opin leiksvæði	1
Óflokkað	Dýragarðar og dýrasýningar	2
Óflokkað	Dýraspítalar	2
Óflokkað	Dýrasnyrtistofur	3
Óflokkað	Dýragæsla	1

Mengunarvarnir

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
01.23.0	Svínarækt	8
01.24.0	Alifuglarækt, minni	4
01.24.0	Alifuglarækt, stærri	6
15.11.01	Svínasláturhús	6
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	6
90.00.01	Skólphreinsistöðvar	8
90.00.02	Móttökustöð fyrir úrgang	8
15.20.72	Fiskimjòlsvinnsla	8
41.00.0	Vatnsveitur	6
24.30.01	Málningarverksmiðjur	6
26.82.91	Malbikunarstöðvar	8
28.51.1	Sandblástur málma	6
35.11.0	Skipasmiði og skipaviðgerðir	6
35.30.0	Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara	4
50.50.01	Bensínstöðvar	6
51.57.01	Móttaka brotamálms	6
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	4
90.00.05	Flutningur spilliefna	4
63.23.01	Flugvellir	8
05.2.01	Seiðaelði	6
05.5.21	Landeldi	6
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	4
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	4
24.51.01	Hreinlætisvöruverkmiðjur	6

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
25.13.01	Gúmmísteypur	4
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	4
25.21.0	Framleiðsla á plötum, o.þ.h. úr plastefnum	4
25.22.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	4
27.5.0	Málmsteypur	6
28.51.0	Meðferð og húðun málma	6
28.52.01	Blikksmíði	2
50.20.00	Verkstæðisaðstaðan	4
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði	4
50.20.02	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	6
50.20.03	Bifreiðasprautun	4
50.20.04	Bifreiðaréttingar	2
50.20.05	Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	4
50.20.06	Bónstöðvar, handvirkar	2
50.20.07	Ryðvarnarverkstæði	6
50.20.08	Smurstöðvar	4
50.20.09	Hjólbarðaverkstæði	4
50.30.1	Bílapartasólur	4
74.81.01	Framköllunarþjónusta	4
74.81.02	Ljósmyndastofa	2
85.14.31	Röntgenstofur	2
93.01.02	Efnalaugar	4
01.25.91	Húsdýragarðar	2
01.42.01	Hundarækt	2
01.42.02	Kattageymsla	2
01.42.3	Hundahótel	2
14.21.0	Malar- og sandnám	4
20.30.91	Trésmíðaverkstæði með lökkun	4
20.30.92	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2
21.22.0	Framleiðsla pappírsvöru til heimilis og hreinlætis	2
22.21.0	Prentun dagblaða	4
22.22.1	Offsett- og hæðarprentun	2
22.22.2	Sáldprentun	6
22.22.3	Prentstofur	2
22.24.0	Prentsmíð	2
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður	6
24.42.0	Lyfjagerð	2
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	2
26.13.0	Framleiðsla gleríláta	2
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	2
26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	6
26.70.0	Steinsmíði	2
29.00.00	Vélsmíði og vélaviðgerðir	4
31.70.0	Rafvélaverkstæði	4
40.10.01	Spennistöðvar	4
40.10.02	Spennaviðgerðir	4
52.49.1	Gæludýraverslun	2
52.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla	2
63.1	Vöruafgreiðsla og vörugeymsla	2
63.12.0	Vörugeymslur	2
63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	2
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	2
63.21.03	Biðstöðvar leigubifreiða	2
63.23.03	Æfingarsvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
85.13.0	Tannlæknastofur	4
85.20.01	Dýralæknastofur	2
85.20.02	Dýraspítalar	2
90.00.03	Gámastöðvar	4
90.00.04	Flutningur úrgangs	4
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.72.01	Skotvellir	4
93.01.01	Þvottahús	2
93.03.01	Líkbrennslur	6
15.13.1	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.20.2	Saltfiskverkun	4
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	4
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.20.62	Vinnsla á ferskum fiski, stór	6
15.20.63	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	2
15.51.0	Mjólkurbú	6
15.51.1	Ostagerð	6
15.52.0	Ísgerð	6
85.12.21	Læknaús, rannsóknarstofur	4

2. gr.

Breyting þessi, sem samþykkt er af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. janúar 2004.

Borgarstjórnin í Reykjavík,

Pórolfur Árnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega, gildir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú takmörkun í 2. málslíð 10. gr. að heimildin í hverri botnfisktegund skuli miðast við 2% af heildaraflaverðmæti botnfisksaflamarks gildir þó ekki við veiðar á löngu og keilu.

27. janúar 2004

127

Nr. 81

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. ákvæði í 2. gr. breytingarlaga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

27. janúar 2004

Nr. 82

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.**

1. gr.

Í stað „31. janúar“ í ákvæði til bráðabigða við reglugerðina komi: 1. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

21. janúar 2004

Nr. 83

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 15. gr.

Í stað 3. másl. kemur nýr másl. svohljóðandi: Númeraflutningur samkvæmt 5. gr. skal koma til framkvæmda 1. október 2004.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 21. janúar 2004.

Hrafnkell V. Gíslason.

Friðrik Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 381/2000 um gjald vegna stöðvunarbrota í Reykjavík.

1. gr.

Við gjaldskrána bætist ný grein sem verður 3. gr. og breytist töluröð til samræmis. Hin nýja grein er svohljóðandi:

Þegar stöðvunarbrotagjald er greitt innan 3ja virkra daga frá álagningu er heimilt að veita 550 króna staðgreiðsluafslátt. Afslátturinn er aðeins veittur þegar álagningarseðill er greiddur án fyrirvara eða andmæla í bankastofnun, heimabanka eða afgreiðslu bílastæðasjóðs, innan hins tilskilda frests.

2. gr.

Breyting þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108 gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 62/1988, sbr. lög nr. 132/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeir sem í atvinnuskyni hafa með höndum reglubundna fólksflutninga milli landa geta sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga, skipafélaga og annarra sem halda uppi reglubundnum fólksflutningum á milli landa. Með reglubundnum fólksflutningum er átt við flug og siglingar með farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun um fastar og tíðar ferðir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 786/2003, um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

Fjármálaráðuneytinu, 23. janúar 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
65	12. jan.	Auglýsing frá Fjarðabyggð um breytt deiliskipulag þriggja íbúðarsvæða á Reyðarfirði	111-112
66	15. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hellnahraun-athafnasvæði“ í Hafnarfirði	112
67	13. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kirkjugarðinn“ í Hafnarfirði	112
68	12. jan.	Reglur um breytingu á reglum nr. 913/2002 um gjaldeyrismarkað	113
69	14. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum	113
70	9. jan.	Auglýsing um niðurlagningu sjóða	114
71	14. jan.	Auglýsing um deiliskipulag fyrir mannvirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal	114
72	13. jan.	Auglýsing um umferð í Höfðahreppi	115
73	6. jan.	Úthlutunarreglur fornleifasjóðs	116-117
74	16. jan.	Auglýsing um skrá hjúkrunarheimilisins Garðvangs skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	117
75	19. jan.	Auglýsing um skrá Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	118
76	19. jan.	Auglýsing um skrá Hrafnistu D.A.S. Reykjavík skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	118-119
77	23. jan.	Auglýsing um hækkun holræsagjalda í Fjarðabyggð.....	120
78	23. jan.	Auglýsing um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð	120
79	20. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002 og 65/2003	120-121
80	13. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík nr. 66/2003, sbr. auglýsing nr. 607/2003	121-126
81	27. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004	126-127
82	27. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi	127
83	21. jan.	Reglur um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum	127
84	22. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 381/2000 um gjald vegna stöðvunarbrota í Reykjavík	128
85	23. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálssa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa, með síðari breytingum	128

